

Sögustund á Byggðasafni Dalamanna

Prúður Kristjánsdóttir fyrrverandi skólastjóri í Búðardal mun sjá um næstu sögustund á safninu. Þar mun hún segja frá sínum fyrstu kynnum af Dalamönnum og því samfélagi sem hér var þegar hún flutti í Búðardal 1962.

Sögustundin verður laugardaginn 14. janúar kl. 15 á Byggðasafni Dalamanna að Laugum í Sælingsdal. Aðgangseyrir verður sem fyrir 500 kr fyrir fullorðna og frítt fyrir börn yngri en 18 ára. Kaffi á könnunni.

Laugardaginn 28. janúar kemur síðan Hafdís Sturlaugsdóttir í Húsavík á Ströndum og talar um beitarhegðun sauðfjár.

Sælingsdalslaug

Í tengslum við fótboltaskóla verður opið í Sælingsdalslaug föstudaginn 13. janúar kl. 17-20, laugardaginn 14. janúar kl. kl. 11-14 og 16-17 og sunnudaginn 15. janúar kl. 11-14 og 16-17. Kaffi á könnunni.

Opnunartímar í janúar verða á mánudögum kl. 19-22, þriðjudögum kl. 15:30-19 (eldri borgarar kl. 15:30-17), miðvikudögum kl. 18-22 og fimmtudögum kl. 16-18. Almennt verður ekki opið um helgar í janúarmánuði.

Jörvagleði

Jörvagleðin verður að vanda kringum sumardaginn fyrsta, 20. apríl.

Þeir sem hafa áhuga á að vera með viðburði vinsamlegast hafið samband við Svönu á netfangið tomstund@dalir.is

Rúlluplast

Söfnun á rúlluplasti verður næst 23.-26. janúar. Söfnun er lögbýliseigendum að kostnaðarlausu, en sækja þarf um það til sveitarfélagsins fyrir 20. janúar. Upplýsingar um skráningu og breytingar þar þá óska eftir á netfangið vidar@dalir.is. Plastið skal haft á aðgengilegum stað fyrir sorpverktaka.

Óheimilt er að setja rúlluplast í sorpgáma á grenndarstöðvum sveitarfélagsins. **Opin brennsla úrgangs er óheimil** þ.m.t. rúlluplasts. skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skv. reglugerð nr. 737/2003.



DALAPÓSTURINN

1. tölublað, 10. árgangur

11. janúar 2017

Húsnæðisbætur

Þann 1. janúar 2017 tóku lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur gildi. Almenn afgreiðsla húsnæðisbóta er í höndum Greiðslustofu húsnæðisbóta á Sauðárkróki. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.husbot.is.

Sérstakar húsnæðisbætur eru í höndum sveitarfélaga. Þær eru ætlaðar þeim sem eru undir ákveðnum tekjumörkum, búa við félagslega erfiðleika og einnig húsnæðisstuðningur við börn 15-17 ára sem leigja á heimavistum eða námsgörðum. Umsókn þarf að berast fyrir 15. dag mánaðar til að öðlast rétt í þeim mánuði.

Príf í Dalabúð

Dalabyggð óskar eftir félagasamtökum eða einstaklingum til að taka að sér að þrifa Dalabúð eftir stærri viðburði, t.d. þorablót.

Þriffin felast í að skúra gólf og þrifa salerni. Vinnan þarf að jafnaði að fara fram næsta dag eftir samkomu og vera lokið áður en skólahald hefst.

Fyrir verkið eru greiddar 50.000 kr í verktakagreiðslu fyrir hvert skipti. Gera má ráð fyrir að um sé að ræða 2 – 4 tilvik á ári.

Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra á skrifstofu Dalabyggðar, í síma 430 4700 eða með tölvupósti sveitarstjori@dalir.is fyrir 19. janúar næstkomandi.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.

Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur